



Til bæjarráðs,

Kópavogi, 25. apríl 2022
2112436/001.02 GEF

Efni: Suðurlandsvegur. Niðurstaða úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Hinn 7. apríl 2022 kvað úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála upp úrskurð í máli nr. 172/2021.

Málið varðaði ákvörðun bæjarstjórnar Kópavogsbæjar um að samþykkja umsókn um framkvæmdarleyfi fyrir breikkun Suðurlandsvegar frá Fossvöllum að Lögbergsbrekku.

Úrskurðarnefndin komst að þeirri niðurstöðu að annmarkar hafi verið á málsmeðferð þar sem greinargerð um afgreiðslu framkvæmdarleyfisins hafi ekki legið fyrir við samþykkt þess, sbr. 2. mgr. 14. gr. skipulagslaga. Var ákvæðinu breytt árið 2019 þar sem eftirfarandi málslíðum var bætt við ákvæðið: „Þá skal sveitarstjórn leggja álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar til grundvallar. Sveitarstjórn skal enn fremur taka saman greinargerð um afgreiðslu leyfis í samræmi við ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum“.

Að mati úrskurðarnefndarinnar báru gögn málsins það ekki með sér að bæjarstjórn hafi kynnt sér matsskýrslu framkvæmdaraðila og tekið afstöðu til þess hvort að framkvæmdin samrýmdist greindri matsskýrslu eða lagt mat á álit Skipulagsstofnunar. Var því ekki nægilegt að matsskýrslan hafi legið fyrir fund skipulagsráðs þar sem ekki hafi verið hægt að ganga út frá því með vissu að bæjarstjórn hafi kynnt sér skýrsluna. Var framkvæmdarleyfið því fellt úr gildi.

Virðingarfyllt,

Guðrún Edda Finnbogadóttir
Lögfræðingur